

48

13. maí

20. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi er gefin út.

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 17. apríl 1926.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12, 20. okt. 1905 um ritsíma og talssíma o. fl. og lögum nr. 14, 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskýtastöðva á Íslandi, og lög nr. 31, 7. maí 1928 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlazzt þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vígfús Einarsson.

49

13. maí

REGLUGERÐ

um

varnir gegn útvarpstruflunum.

Samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929, um breytingu á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Hér eftir má ekki setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfínnanlegum truflunum á viðtöku loftskýta eða útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út, að svo miklu leyti, sem stjórn landssímans telur fullnægjandi.

2. gr.

49
13. maí

Slík raftæki, er vænta má að geti valdið verulegum truflunum, eru venjulegir rafhlreifar, rafalar, lyftur, ryksugur, bónvélar, þvottavélar, loftdælur, hárfurkunartæki, rafmagnshárklippur, kælitæki, ljósauglýsingatæki og önnur sjálfvirk tæki, er í sífellu kveikja og slökkva á ljósum, hitastillar og tæki með hitastilli í (svo sem hitakoddar, sumar tegundir strokjárna, o. fl.), ozontæki, reykeyðarar, hleðslutæki, afriðlar, logsuðutæki, bogaljós, lækningatæki (svo sem teslatæki, röntgentæki, o. fl.), og yfirleitt öll tæki, þar sem neistar geta myndast, og truflandi rafmagnssveiflur kviknað á annan hátt, og borizt út eftir rafmagnslínunum, símalínunum eða þvl., eða beint gegnum loftið, með svo miklum styrk, að þær valdi óþægindum hjá öðrum.

3. gr.

Þeir, sem eiga slík raftæki, er geta truflað, skulu tafarlaust tilkynna það landssímanum. Þó þarf ekki að tilkynna venjulega ljósasnerla, dyrabjöllur og símatæki. Séu menn í vafa um hvort tæki geti truflað, skulu þeir engu síður tilkynna það. Verða tækin þá rannsökuð og truflanir deyfðar á kostnað eiganda tækjanna.

4. gr.

Vilji tækjaeigendur heldur sjálfir sjá um deyfingu truflana frá tækjum sínum með aðstoð löggiltra rafvirkja eða annara, sem hafa fengið sérstakt leyfi landssímastjóra og hlutaðeigandi rafmagnsstjóra til að mega annast slíka deyfingu, þá er það heimilt, en landssímastjóri skal þá tafarlaust tilkynnt, er deyfingin hefir verið framkvæmd, enda sé það gert innan tveggja mánaða frá því er tækið hefir verið tilkynnt.

5. gr.

Þar sem er sérstaklega örðugt eða kostnaðarsamt að deyfa ofanefndar truflanir, getur landssímastjóri veitt undanþágu frá því að deyfing fari fram, með því að setja ákveðinn afnotatíma fyrir tækið, og má þá ekki nota það utan hans.

6. gr.

Allsstaðar þar sem fyrir er rafmagnsveita fyrir meir en eitt heimili, skal stjórn hennar láta fara fram ítarlega skoðun á öllum rafmagnslögnum, utan húss og innan í fyrsta sinn innan 12 mánaða, og síðan að minnsta kosti þriðja hvert ár, og skal þegar í stað gert við bilanir þær, er þar finnast. Landssímastjóra skal tilkynnt um skoðunina strax og henni er lokið.

7. gr.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflnana, skal heimilt talmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þess starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

49

13. maí

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs allt að 200 kr., ef það ekki varðar þyngri refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vigfús Einarsson.